Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

27 árg. 2018 3. tbl.

Tré ársins 2018

Tré ársins 2018 - vesturbæjarvíðir að Ytri-Skógum (Mynd: RF).

Tré ársins 2018 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn sunnudaginn 2. september. Er að þessu sinni um veglegan vesturbæjarvíði (*Salix smithiana* 'Vesturbæjarvíðir') að ræða að Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum.

Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns, stýrði athöfninni, sem hófst með ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, sem afhenti eigenda trésins, Margréti Bárðardóttur, viðurkenningaskjal af þessu tilefni. Margrét flutti því næst stutt ávarp og að því loknu var tréð mælt. Reyndist það 11,1 m á hæð, ummál stofns rúmir 2,4 m og mjög krónumikið, en alls þekur króna þess rúma 225 fermetra.

Inn á milli atriða flutti svo hljómsveit Valborgar Ólafsdóttur frumsamin lög. Hana skipa Valborg Ólafsdóttir, söngur og gítar, Orri Guðmundsson á trommum, Baldvin Freyr Þorsteinsson á gítar og Árni Guðjónsson á bassa og hljómborði. Einnig var boðið upp á hressingu frá Skógakaffi.

(framhald á bls. 3)

Skógar og loftslagsmál

Nú í september kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Í aðgerðaáætluninni eru tilgreindar rúmlega 30 aðgerðir á mörgum sviðum, en megináherslurnar eru tvær: 1) orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum og 2) átak í kolefnisbindingu. Hvað kolefnisbindinguna varðar er fyrirhuguð endurheimt votlendis (til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda), birkiskóga og kjarrlendis, auk frekari landgræðslu og nýskógræktar, en samkvæmt áætluninni verður 4 milljörðum króna varið til þessara aðgerða á næstu fimm árum og er sérstaklega tekið fram að áhersla sé lögð á að fela félagasamtökum, bændum og öðrum vörslumönnum lands hlutverk í þessum aðgerðum. Verða þetta að teljast ánægjuleg tíðindi, en skógargeirinn hefur töluvert talað fyrir skógrækt og landgræðslu sem loftslagsaðgerð, enda hafa skógar margvísleg jákvæð áhrif þar. Fyrir okkur í skógræktarfélögunum lofar líka áherslan á aðkomu félagasamtaka góðu og vonandi skila þau fyrirheit einhverju jákvæðu til félaganna.

Mikilvægi skóga í samhengi loftslagsmála var nýverið mjög skýrt fram sett á vef samtakanna *Climate and Land Use Alliance,* þar sem birt var yfirlýsing hóps fjörutíu vísindamanna með rökum í fimm liðum fyrir mikilvægi skóga, eða eins og fyrirsögnin segir: „Fimm ástæður þess að loftslag jarðar er háð skógum“ (*Five Reasons the Earth's Climate Depends on Forests*). Rökin eru eftirfarandi:

1. Skógar jarðarinnar geyma í sér meira kolefni en er að finna í allri vinnanlegri olíu, gasi og kolum í iðrum jarðar. Þess vegna er ekki síður mikilvægt að koma í veg fyrir losun kolefnis úr skógum en að hætta notkun jarðefnaeldsneytis.
2. Skógar fjarlægja nú um fjórðung alls þess koltvísýrings sem mannkynið losar út í andrúmsloftið. Þar með koma þeir í veg fyrir að loftslagsbreytingar verði enn verri en ella.
3. Að ná því marki að hlýnun fari ekki yfir 1,5 gráður krefst stórtækrar nýskógræktar svo fjarlægja megi umframmagn koltvísýrings úr andrúmsloftinu.
4. Líforka er ekki meginlausnin. Ef takast á að fjarlægja verulegt magn koltvísýrings úr andrúmsloftinu með því að nota viðarorku og beisla koltvísýringslosun brennslunnar er þörf á tækni sem enn hefur ekki sannað sig í stórum stíl.
5. Hitabeltisskógar kæla loftið í kringum sig og þar með alla jörðina. Jafnframt mynda þeir úrkomu sem er ómissandi fyrir fæðuframleiðslu, bæði í nágrenni skóganna og lengra frá.

Yfirlýsinguna í fullri lengd má lesa á vef *Climate and Land Use Alliance* (http://www.climateandlandusealliance.org/scientists-statement/) og í íslenskri þýðingu á vef Skógræktarinnar (https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/skogurinn-omissandi-i-loftslagsbarattunni-fimm-astaedur).

Þegar kemur að loftslagsmálum eru skógarnir lykilatriði – það er bara þannig!

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 27. árgangur, 3. tölublað 2018.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2018:
Jónatan Garðarsson formaður
Jens B. Baldursson varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:
Páll Ingþór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:
Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Margrét Grétarsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

Arion banki
EIMSKIP
ICELANDAIR GROUP
IKEA
ÖDDI
TOYOTA

Tré ársins 2018 (frh.)

Að athöfn lokinni var svo boðið upp á skógargöngu um Völvuskóg undir leiðsögn Einars Gunnarssonar og Sverris Magnússonar.

Er þetta í fyrsta sinn sem vesturbæjarvíðir er útnefndur sem Tré ársins, enda er þetta frekar fágæt tegund nú til dags. Uppruni tegundarinnar hér á landi er nokkuð áhugaverður. Upp úr aldamótunum 1900 flutti Jón Eyvindsson kaupmaður inn stofuplöntur frá Þýskalandi, sem komu í tágakörfum. Ísleifur sonur hans kom til teinungi úr slíkri körfu og gróðursetti í garði heimilisins að Stýrimannastíg 9. Þreifst þessi teinungur vel og fengu nágrannar með tíð og tíma græðlinga af honum til að setja í garðana hjá sér. Dreifðist víðirinn þannig um Vesturbæinn og varð nokkuð algengur þar og dró nafn sitt af því. Ræktun hans lagðist að mestu af eftir 1940, með auknu framboði trjáplantna til sölu.

Skógræktarfélag Íslands hefur krýnt Tré ársins árlega síðan 1993. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land. IKEA á Íslandi er samstarfsaðili Skógræktarfélags Íslands við útnefningu á Tré ársins.

Hjónin Magnús Guðlaugsson og Margrét Bárðardóttir í skjóli vesturbæjarvíðisins (Mynd: RF).

Svipmyndir skógræktar

Að ofan. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, í samstarfi við Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins stóð fyrir árvissri kvöldgöngu - „ljósagöngu“ - um Höfðaskóg í október. Um 100 manns á öllum aldri mættu í gönguna og skemmtu sér vel með luktir og ljós. Voru ýmsar vættir á ferðinni í skóginum í myrkrinu sem gerðu vart við sig þegar gönguflólk átti síst von á og vöktu mikla kátínu meðal ungra sem aldinna (Mynd: RF).

Í september mættu skátar á Akranesi í reit í Garðaflóa og gróðursettu birki. Áður en plönturnar voru settar niður fengu skátarnir leiðbeiningu hjá Kristínu Leifsdóttur, stjórnarmanni í Skógræktarfélagi Akraness, um verkfærin og hvernig plantað skyldi. Voru ungu skátarnir duglegir að planta og fljótir að koma plöntunum niður, enda viðraði vel til gróðursetningar (Mynd: Jens. B. Baldursson).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2018

Skógræktarfélag Íslands hélt 82. aðalfund sinn dagana 31. ágúst til 2. september á Hótel Stracta á Hellu og var Skógræktarfélag Rangæinga gestgjafi fundarins að þessu sinni. Góð mæting var á fundinn, en rúmlega 160 manns voru skráðir. Eins og verið hefur var boðið upp á vettvangsferðir og fræðsluerindi, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa. Í vettvangsferðum var skoðaður Hellnahellir í Landsveit, ræktunarsvæði Hekluskóga upp undir Þjófafossi, Bolholtsskógur, tilraunareitur við Gunnarsholt, einkaskógrækt á Heylæk í Fljótshlíð og uppgræðsla á Markarfljótsaurum. Einnig voru fjórir félagar í Skógræktarfélagi Rangæinga heiðraðir fyrir störf í þágu skógræktar, þau Klara Haraldsdóttir, Sigurvina Samúelsdóttir og hjónin Sigurbjörg Elimarsdóttir og Sveinn Sigurjónsson. Nánar má lesa um fundinn á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is/adalfundur.

Fjórir félagar í Skógræktarfélagi Rangæinga voru heiðraðir fyrir störf í þágu skógræktar. F.v. Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Sigríður Heiðmundsdóttir, sem tók við viðurkenningu fyrir hönd móður sinnar, Klöru Haraldsdóttur, Sigurvina Samúelsdóttir, hjónin Sigurbjörg Elimarsdóttir og Sveinn Sigurjónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, sem afhenti viðurkenningarnar (Mynd: RF).

T.v. og að ofan. Fundargestir skoða sig um í Bolholtsskógi, einu svæða Skógræktarfélags Rangæinga (Mynd: RF).

Björn Steinar Blumenstein vöruhönnuður flytur erindi um nýtingu íslensks efniviðar (Mynd: RF).

Nýtt kort af Heiðmörk

Skógræktarfélag Reykjavíkur gaf nú í vetur út nýtt kort af Heiðmörk. Stöðugt er verið að vinna að því að endurskoða og bæta skipulag svæðisins, til að það nýtist gestum sem best. Með uppfærslu á merkingum stígakerfisins er leitast við að skapa öruggari upplifun fyrir bæði ókunnuga og fastagesti. Helstu breytingar nú snúa að merkingum á vinsælustu stígunum. Skipulagðar hafa verið hringleiðir sem merktar eru með nafni og lit, t.d. Sólarhringur, sem er um 7,5 km leið merkt með gulu. Unnið er að því að útbúa og merkja fleiri leiðir. Búið er að setja merkingar með nákvæmri staðsetningu á rúmlega 80 pósta og vegvísa, sem vísa í reitaskipulag kortsins, en því er skipt upp í 500 x 500 m merkta reiti. Auk þess er á merkingunum númer Neyðarlínunnar. Auðveldar þetta gestum að staðsetja sig ef óhapp verður, en einnig að tilkynna um eitthvað sem út af hefur borið (t.d. rusl eða skemmdir á innviðum). Skoða má kortið á heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur - http://heidmork.is/kort/.

Ný merkistika. Á rauða skiltinu er númer Neyðarlínunnar og hnit þessa staðar (C10.1) innan Heiðmerkurkortsins (Mynd: Kimmo Virtanen).

Fræðsluferð til Spánar

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratugaskeið staðið fyrir fræðsluferðum til annarra landa. Í ár var haldið í skógræktar- og menningarferð suður á bóginn, til norðurhluta Spánar. Flogið var til og frá Barcelona. Frá Barcelona var haldið í Pýreneafjöllin, þar sem sjá mátti ægifagurt landslag og ýmsir skógar voru skoðaðir undir leiðsögn heimamanns. Auk þess gafst að sjálfsögðu tími til skoðunar í stórborginni Barcelona, þar sem er margt og mikið að sjá. Nánar verður sagt frá ferðinni í fyrsta tölublaði Skógræktarritsins 2019.

Ferðalangar fá fræðslu frá Oscar staðarleiðsögumanni, sem er skógfræðingur, í fjallaskóginum í La Contienda. Svæðið liggur í um 1.700 m hæð og er vinsælt skíðasvæði á veturna. La Contienda liggur að landamærum Frakklands og hefur verið nýtt til beitar af bændum beggja megin landamæranna. Háðu þjóðirnar stríð um svæðið á sínum tíma, sem lauk með sigri Spánverja og samningum um notkun þess – franskir bændur mega beita landið, en verða að greiða árlegt gjald sem nemur þremur kúm (Mynd: RF).

Eitt helstu kennileita Barcelona-borgar – Sacrada Familia kirkjan eftir Antoni Gaudí. Kirkjan hefur verið í byggingu frá 1882 og er áætlað að verkinu ljúki árið 2026 (Mynd: RF).

Fallegur beykiskógur í Belagua skoðaður. Skógurinn hefur vaxið upp undanfarna öld eða svo, en svæðið var nær skóglaust fyrir þann tíma vegna beitar búfénaðar (Mynd: RF).

Stórbrotið landslag í Ordesa y Monte Perdido þjóðgarðinum. Hann er hluti af Pyrénées – Mont Perdu svæðinu á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, er spannar landamæri Frakklands og Spánar. Áningarstaðurinn þar sem stigið var út úr rútunni liggur í um 1.700 m hæð og þaðan rísa snarbrött og þverhnípt fjöll upp í rúmlega 2.000 m hæð (Mynd: RF).

Fallegir haustlitir í Ordesa y Monte Perdido þjóðgarðinum (Mynd: RF).

Konur skógarins

Nú í nóvember komu í heimsókn hingað til lands konur frá tveimur norrænum félögum – *Kvinner i skogbruket* í Noregi, sem eru félag kvenna innan skógargeirans og annarra kvenna sem áhuga hafa á skógi (en reyndar eru karlar líka í félaginu) og *Spillkråkan*, sem eru félag kvenkyns skógareigenda í Svíþjóð.

Héldu þær fund til undirbúnings ráðstefnu sem félögin standa fyrir og er fyrirhuguð í Jönköping í Svíþjóð 28. – 30. júní 2019. Þema ráðstefnunnar er verðmæti skógarafurða, með hliðsjón af jafnréttismálum, loftslagsbreytingum, lýðheilsu o.fl. Var einnig rætt um stofnun sambærilegra félaga hér á landi og litið í heimsókn til tveggja kvenkyns skógarbænda – Huldu Guðmundsdóttur á Fitjum í Skorradal og Hraundísar Guðmundsdóttur á Rauðsgili í Reykholtsdal.

Kerstin Dafnäs kynnir starf Spillkråkan í Svíþjóð á opnum fundi að Mógilsá (Mynd: RF).

Endaði heimsókn þeirra á opnum fundi að Mógilsá, þar sem mættu um 20 konur (og einn karlmaður!) úr skógargeiranum hérlendis, þar sem nánar var rætt um hugmynd um stofnun íslensk félags skógarkvenna. Varð niðurstaða fundarsins sú að stofna slíkt félag og verður formlegur stofnfundur haldinn fljótlega, þar sem lagðar verða línur að því helsta, þ.e. kosin stjórn, ákveðið nafn og unnið að lögum og markmiðum félagsins. Konur sem hafa áhuga á að vera með í félaginu geta skráð sig með því að hafa samband við Ragnhildi hjá Skógræktarfélagi Íslands - netfang rf@skog.is, sími: 551-1850.

Norrænu gestirnir skoða myndarlegan asparskóg að Fitjum í Skorradal (Mynd: RF).

Barnahornið - lausn gátu í 2. tbl. Laufblaðsins 2018

Skógarnytjar í Gunnfríðarstaðaskógi

Töluvert var um formlegar heimsóknir í Gunnfríðarstaðaskóg, einn skóga Skógræktarfélags A-Húnvetninga, á vordögum og fram á sumarið. Í maí komu nemendur frá Húnavallaskóla og Vallaból, sem er leikskóli, í heimsókn eins og stundum áður. Farið var í gönguferðir um skóginn, spurt og rannsakað. Nemendur úr Blönduskóla komu svo í rannsóknarferð, þar sem mældir voru fletir á áreyrum Blöndu sem eru að klæðast trjám með sjálfsáningu frá Gunnfríðarstaðaskógi og hugsanlega reitum handan Blöndu. Formaður hefur fylgst með útbreiðslu birkis og stafafuru á eyrunum en svæðið er að gróa mikið upp. Þá komu nokkrar konur frá Soroptimistaklúbbnum Við Húnaflóa í heimsókn í júní og kynntu sér skóginn og starfsemi félagsins.

Líf í lundi var hjá okkur í skóginum í júní og var þátttaka mjög góð. Ein af lýðheilsugöngum Ferðafélags Íslands var á Gunnfríðarstöðum í september og var þátttaka mjög góð.

Í nóvember ár hvert eru svo felld torgjólatré fyrir Blönduósbæ og Skagaströnd. Gleðiefni er að hægt sé að fá jafnt stór sem smá grenitré/jólatré úr skógum okkar og hafa með því kolefnisfótsporið minna og félagið nær inn tekjum af skóginum. Rétt fyrir jólin koma síðan Húnvetningar og fella sín stofujólatré.

Þá er skógurinn á Gunnfríðarstöðum nokkuð vinsæll til gönguferða með hunda og annarrar útiveru. Alla daga ársins eru ýmsar fuglategundir á sveimi um skóginn og er rjúpan núna sýnileg í sínum hvítu klæðum á snjólausu landinu en gaman er að sjá hana sitjandi lengst uppi í trjám.

Páll Ingþór Kristinsson,
formaður Skógræktarfélags A-Húnvetninga

Fræðsluferð til N-Ítalíu 2019

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratugaskeið staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund, til að fræðast um skóga og skógrækt viðkomandi lands. Ferð ársins 2019 er nú í undirbúningi, en að þessu sinni liggur leiðin til norðurhluta Ítalíu, til Suður-Tíról, og er stefnt að því að fara þangað í lok september. Flogið verður til og frá Mílanó og þaðan haldið norður á bóginn til Suður-Tíról. Þar er fyrirhugað að skoða skóga og skógarnytjar, auk almennrar skoðunar á náttúru og sögustöðum

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150

(*Mynd: Harald Hoyer. Wikipedia. CC BY-SA 2.0*)

Guðmundarlundur

Undanfarin ár hefur Skógræktarfélag Kópavogs staðið fyrir uppbyggingu og framkvæmdum á fjölbreyttu útivistarsvæði í Guðmundarlundi. Gott samstarf og stuðningur ýmissa aðila hafa verið félaginu mikilvægt og án aðkomu og stuðnings þeirra væri Guðmundarlundur ekki sá unaðsreitur sem hann er í dag. Má þar sérstaklega nefna samstarf við Kópsvogsbæ, BYKO og fjölskyldu Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi forstjóra BYKO, sem öflugustu stuðningsaðila félagsins. Útivistarsvæðið í Guðmundarlundi byggir á góðum grunni en árið 1997 afhenti Guðmundur Jónsson og fjölskylda hans Skógræktarfélagi Kópavogs 6,5 hektara landsspildu, þar sem þau höfðu ræktað upp örfoka land. Þessa höfðinglegu gjöf verður seint fullþakkað. Síðar var Guðmundarlundur stækkaður en í dag er hann um 11 ha að stærð.

Guðmundarlundur er eitt allra besta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem flestir geta fundið sér eitthvað við hæfi til útivistar- og afþreyingar. Í Guðmundarlundi er meðal annars aðgengilegir gönguog útivistastígar, frisbí- og minigolfvöllur, vellir og leiktæki fyrir börn, grasvellir til leikja og svæði með grillum og bekkjum.

Í lundinn koma þúsundir barna ár hvert, haldin eru brúðkaup, afmæli og önnur mannamót þar sem grillaðstaðan leikur stórt hlutverk. Í mesta rigningarsumri síðastliðinna ára tvöfaldaðist aðsókn að grillsvæðum í Guðmundarlundi og komust færri að en vildu. Þessi stóraukna ásókn í grillsvæðin kallar á fleiri grill, borð og bekki.

Skógræktarfélag Kópavogs stefnir á að styrkja stöðu svæðisins enn frekar og reisa nýjan grillskála á svæðinu með tilheyrandi bekkjum og borðum. Með byggingu grillskálans er sérstaklega horft til þess að

koma betur til móts við aukinn áhuga fólks til að hittast í svartasta skammdeginu og gera sér sérstaka hátíð í fögrum skógarlundi.

Stjórn Skógræktarfélag Kópavogs horfir bjartsýn fram á veginn og ætlar að efla starfsemi félagsins á allan hátt en á næsta ári verður félagið 50 ára. Í tilefni af þeim tímamótum væri nýr grillskáli í Guðmundarlundi vegleg afmælisgjöf sem Kópavogsbúar sem og aðrir geta nýtt sér árið um kring. Til þess að svona verkefni geti orðið að veruleika þarf að virkja samtakamátt ýmissa aðila sem vilja leggja málefninu lið.

Kristinn Þorsteinsson,
formaður Skógræktarfélags Kópavogs

Skógræktarfélag Garðabæjar 30 ára

Upphaf Skógræktarfélagsins

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988 af áhugasömum bæjarbúum um ræktun og útivist. Félagið er eitt aðildarfélaga í Skógræktarfélagi Íslands. Smalaholtið, norðan Vífilsstaðavatns, var fyrsta svæðið sem félagið fékk til skógræktar en holtið var þá berangur með stórum rofabörðum sem erfitt er að sjá fyrir sér á göngu um svæðið í dag. Í þá daga gekk sauðfé um holtið vor og haust, úr fjárhúsaborg í Kópavogi, þar sem kirkjugarðurinn er nú. Skógræktarfélagar þurftu því að stugga við fénu sem beit ofan af smáplöntunum. Árið 1994 fékk félagið Sandahlíð ofan Kjóavalla til yfirráða til skógræktar og þar þurfti einnig að reka sauðfé sem var þar á beit frá Vatnsendabýlinu. Sandahlíðin var þá illa farin, gróður víða rofinn með djúpum vatnsfarvegum niður hlíðina og áberandi rofabörð. Í dag eru þessi svæði vaxin skógi með göngustígum, bekkjum, grillaðstöðu og leiktækjum, öllum til yndisauka.

Skógræktarfélagið fékk mikinn meðbyr bæjarbúa strax í upphafi, þar sem flest félagasamtök í bænum þáðu að taka land í fóstur, hittast í Smalaholti og setja niður tré í reitina sína. Félögin heimsækja reglulega skógarreitina og t.d. gróðursettu kvenfélagskonur í sumar trjáplöntur í reitinn sinn til að kolefnisjafna ferð félagsins til Edinborgar. Einnig hafa margir einstaklingar og fjölskyldur tekið svæði í fóstur.

Landsátak í Landgræðsluskógum hófst 1990 í Smalaholti, með þátttöku fjölda fólks ásamt frú Vigdísi Finnbogadóttur forseta sem gróðursettu fyrstu birkiplönturnar í átakinu á landsvísu. Með þátttöku Skógræktarfélagsins í þessu merka verkefni fengust úthlutaðar skógarplöntur til gróðursetningar sem félagið meðal annars úthlutaði til félaga sem voru með reiti.

Göngustígar í Smalaholti og Sandahlíð

Útivist i bæjarlandinu hefur aukist með árunum og hefur Skógræktarfélagið staðið fyrir lagningu göngustíga í Smalaholti og Sandahlíð til að auðvelda íbúum að njóta útivistar í fjölbreyttu og fallegu umhverfi. Þá hefur verið komið fyrir bekkjum meðfram stígum og veglegir áningarstaðir reistir í Smalaholti og í Sandahlíð með grillaðstöðu og leiktækjum. Meðfram stíg í vestanverðu Smalaholti hefur verið plantað fjölbreyttum trjám sem merkt hafa verið með nöfnum þeirra til fróðleiks og fræðslu. Árið 2013 gaf félagið út útivistarkort með yfirliti yfir stíga á skógræktarsvæðunum. Kortið er aðgengilegt við aðkomu í Smalaholt og Sandahlíð ásamt skilti með korti af svæðunum og á heimasíðu félagsins, www.skoggb.is. Einnig er hægt að finna kort af svæðunum á kortavef Garðabæjar.

Um skógræktarsvæðin í Tjarnholtum og í Hádegisholti hafa ekki enn verið lagðir útivistarstígar, en útskot fyrir bíla er komið við Elliðavatnsveg neðan Hádegisholts.

Félagsstarf

Skógræktarfélag Garðabæjar er félag fyrir alla fjölskylduna með um 320 félagsmenn. Fyrstu árin komu félagsmenn reglulega saman á vinnu- og

Að ofan t.v. Gróðursetning í fyrstu Landgræðsluskógunum í Smalaholti árið 1990. Eins og sjá má var svæðið illa farið og gróðursnautt. Nú er hins vegar kominn þar skógur sem er svo vöxtulegur (t.h.) að farið er að grisja hann (Myndir: EBB).

Sigurður Þórðarson og Barbara Stanzeit, stjórnarmenn í Skógræktarfélaginu, í jólaskóginum hjá félaginu (Mynd: EBB):

samverukvöldum á sumrin til að planta og hlúa að gróðri, en nú eru svæðin nær full plöntuð. Aðal vinnan í dag er við umhirðu á svæðunum, s.s. slátt á lúpínu meðfram stígum, grisjun skógarins, burðar ofan í stíga o.fl. sem er að mestu unnið af verktökum.

Í Brynjudal í Hvalfirði hefur félagið fengið svæði til umráða þar sem félagar hafa farið árlega til þess að planta trjám til notkunar sem jólatré í framtíðinni. Einnig eru eldri tré snyrt og hlúð að þeim. Nú þegar hafa verið höggvin jólatré úr þessum lundi.

Síðastliðið vor tók Skógræktarfélagið þátt í verkefninu „Líf í lundi“ sem er fjölskyldudagur í skógum landsins. Þá var plantað í svokallaðan Fullveldislund í Sandahlíð og tóku félagsmenn og gestir á öllum aldri þátt í því.

Í landi Vífilsstaða hefur félagið aðstöðu þar sem plöntur eru í uppeldi áður en þeim er plantað út á skógræktarsvæðin.

Skógræktarfélagið hefur tvisvar með nokkurra ára millibili látið gera úttekt á fuglalífi á skógræktarsvæðunum þar sem fram kemur þéttleiki fugla og breytingar á fuglalífi á tímabilinu. Skýrslu um það má finna á heimasíðu félagsins.

Haustferðir

Félagsmönnum hefur verið boðið í haustferðir félagsins undanfarin 20 ár. Um er að ræða dagsferðir þar sem ræktendur utan og innan höfuðborgarsvæðisins eru heimsóttir og fleira áhugavert skoðað. Þessar ferðir hafa verið vinsælar og víða hefur verið komið við.

Jólaskógur í heimabyggð

Opinn jólaskógur er fastur liður í starfsemi félagsins. Þá er tekið á móti fjölskyldum í skóginum þar sem þær geta valið sér jólatré og sagað sjálf. Einnig er boðið upp á heitt kakó og piparkökur í jólastemmningu.

Yrkjugróðursetningar

Gunnskólanemendur í Garðabæ hafa reglulega komið á svæðin og gróðursett birkiplöntur sem þeir fá úthlutað úr Yrkjusjóði sem stofnaður var 1990 til heiðurs frú Vigdísi Finnbogadóttur á sextugsafmæli hennar. Enda vildi hún fá unga fólkið til þátttöku að klæða landið skógi sem sannarlega hefur tekist. Grunnskólar bæjarins hafa verið þátttakendur Yrkjuverkefnisins frá upphafi. Haustið 2017 byrjuðu grunnskólanemendur að gróðursetja birkiplöntur á Bessastaðanesi.

Nánari upplýsingar um Skógræktarfélagið má finna á heimasíðu félagsins á www.skoggb.is. Aðild að Skógræktarfélagi Garðabæjar er öllum áhugasömum opin hvort sem viðkomandi ræktar skóg eða bara vill vera þátttakandi í góðum félagsskap.

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir við gróðursetningu í Smalaholti árið 1990. Nú til dags gæti hún falið sig í skóginum sem þarna er vaxinn (Mynd: EBB).

Svipmyndir skógræktar

Skógræktar – og landverndarfélagið undir Jökli hefur um árabil haldið hátíð til að fagna sumrinu og bauð í ár til lautarferðar í Tröð við Hellissand. Þar mætti meðal annars „Gilitrutt“ til að segja krökkunum sögur (Mynd: Lydia Rafnsdóttir).

Að ofan. Laugardaginn 17. nóvember komu Björgunarsveitarmenn úr Bolungarvík að sækja jólatré undir forustu Guðmundar Ragnarssonar eins og mörg undanfarin ár. Fellt var 8 m tré í Stórurðarskógi. Björgunarsveitarmenn voru með dráttarspil á bíl og drógu tréð út úr skóginum fumlaust með því. Mjög vel tókst til og var nánast hægt að velta trénu upp á vagninn (Mynd: Gísli Eiríksson).

T.v. Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk nú í september nýja skógardráttarvél og útkeyrsluvagn með krana, með gripkló fyrir trjáboli. Auðvelda þessi nýju tæki til muna umhirðu í skóginum á Heiðmörk, þar sem fljótlegra og léttara er að koma felldum trjám (bolum) út úr skóginum (Mynd: Sævar Hreiðarsson).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!